

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 423/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Hannesi Jónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals. Ítrekun. Síbrotamaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar bæði af hálfu ákærvalds og ákærða með stefnu 14. október 1993, eingöngu að því er varðar ákvörðun refsingar. Ríkissaksóknari krefst þess, að refsing verði þyngd, en ákærði, að hún verði milduð.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hannes Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. september 1993.

Ár 1993, föstudaginn 17. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-458/1993: Ákærvaldið gegn Hannesi Jónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. ágúst 1993, á hendur ákærða, Hannesi Jónssyni, Böggvisbraut 3, Dalvík, fæddum 21. ágúst 1951, fæðingarnúmer 372, fyrir eftirtalin hegningarlaga brot með því að hafa:

„I. Í desembermánuði 1992 stolið sparisjóðsbók nr. 14333 á Búnaðarbankann á Blönduósi í eigu Bjarna Jónssonar, fædds 7. september 1968, með innstæðu 30.240,98 kr. úr íbúð að Jörfabakka 6 í Reykjavík og tekið út úr bókinni 28.000 kr. 15. desember 1992. (RLR, mál nr. 455/93.)

II. Miðvikudaginn 24. febrúar 1993 stolið úr íbúð að Bólstaðarhlíð 52, Reykjavík, tékka nr. 6203548 á reikning nr. 36793 í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, í eigu Guðrúnar Sigurjónsdóttur, fæddrar 24. október 1956, að fjárhæð 8.448 kr., út gefnum af Ingibjörgu M. Gunnlaugsdóttur til handhafa, og leyst út tékkann sama dag. (RLR, mál nr. 867/93.)

III. Fimmtudaginn 25. febrúar 1993 stolið að Háaleitisbraut 111, Reykjavík, tékka nr. 2095387 á reikning nr. 6924 í Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, að upphæð 81.600 kr., út gefnum af sýslumanninum í Reykjavík til Birkis Þórs Gunnarssonar, fædds 28. nóvember 1938, og falsað framsal nefnds Birkis Þórs á tékkann og innleyst hann í útibúi Íslandsbanka, Háaleitisbraut 58, Reykjavík, sama dag. (RLR, mál nr. 841/93.)

IV. Föstudaginn 5. mars 1993 stolið sparisjóðsbók nr. 17758 á Landsbanka Íslands í eigu Árna Guðmundar Haukssonar, fædds 17. maí 1968, með innstæðu 64.658 kr., að Tjarnarbóli 2, Seltjarnarnesi, og tekið út úr bókinni 55.000 kr. í Landsbanka Íslands, Seltjarnarnesútibúi, sama dag. (RLR, mál nr. 1133/93.)

V. Miðvikudaginn 31. mars 1993 brotist inn í íbúðarherbergi að Álfheimum 68, Reykjavík, og stolið þaðan sparisjóðsbók nr. 3832 á Landsbanka Íslands, Grensásútibú, með innstæðu 10.094,74 í eigu Ian Leslie Lowdon, fædds 6. maí 1958, og tekið út úr bókinni 10.000 kr. í Landsbanka Íslands, Suðurlandsbrautarútibúi, sama dag. (RLR, mál nr. 1340/93.)

VI. Fimmtudaginn 1. apríl 1993 brotist inn í íbúð á 3. hæð til vinstri að Háaleitisbraut 49, Reykjavík, og stolið þaðan sparisjóðsbók nr. 21786 á Landsbanka Íslands, Múlaútibú, með innstæðu 44.620,21 kr., í eigu Arn-dísar Pétursdóttur, fæddrar 24. janúar 1914, og tekið út úr bókinni 40.000 kr. í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, sama dag og falsað þá nafn Ómars Jónssonar á úttektarseðil. (RLR, mál nr. 1345/93.)

VII. Föstudaginn 16. apríl 1993 brotist inn í kjallaraherbergi að Efsta-hjalla 21, Kópavogi, og stolið þaðan 2.000 þýskum mörkum. (RLR, mál nr. 1519/93).

VIII. Miðvikudaginn 21. apríl 1993 brotist inn í íbúð á 6. hæð til vinstri að Ljósheimum 6, Reykjavík, og stolið þaðan seðlaveski með um 100.000 kr. í peningum. (RLR, mál nr. 1613/93.)

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og háttsemi ákærða samkvæmt liðum III og VI jafnframt við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Guðrún Sigurjónsdóttir, Bólstaðarhlíð 52, Reykjavík, skaðabóta, 8.448 kr. auk vaxta.“

Ákærði hefur skýlaust játað það athæfi, sem hann er saksóttur fyrir, og hefur hann brotið þau lagaákvæði, sem í ákæru segir.

Ákærði hefur frá árinu 1974 verið dæmdur sautján sinnum fyrir hegningarlagabrot, aðallega þjófnað. Er samanlögð refsivist hans samkvæmt þessum dómum orðin rúm sautján ár. Refsing ákærða, sem er hegningarauki, þykir með vísan til 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga vera hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Frá henni ber þó að draga fjórtán daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Dæma ber ákærða til þess að greiða Guðrúnu Sigurjónsdóttur, Bólstaðarhlíð 52, Reykjavík, kt. 241056-325, 8.448 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 2. mars 1993 til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað af sökinni, þar með talda þóknun til verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hannes Jónsson, sæti fangelsi í tvö ár. Frá refsingunni dregst fjórtán daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði greiði Guðrúnu Sigurjónsdóttur 8.448 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 2. mars 1993 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda verjandaþóknun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.